

Tillaga borgarstjórnar um að tryggja ókeypis geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu fyrir vöggustofubörn

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að tryggja þeim sem dvöldu á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1974-1979 ókeypis geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu eða aðra sértæka aðstoð sem er í samræmi við tillögu sjálfstæðrar og óháðrar nefndar sem gerði athugun á starfsemi vöggustofunnar. Þetta er sambærileg þjónusta og var samþykkt í borgarráði í kjölfar athugunar fyrri vöggustofunefndar á starfsemi vöggustofa í Reykjavík á árunum 1949-1973. Tillagan verði fjármögnuð af liðnum ófyrirséð.

Greinargerð

Sjálfstæð og óháð nefnd sem Reykjavíkurborg skipaði til að gera athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í Reykjavík árin 1974-1979 kynnti niðurstöður sínar í borgarráði fimmtudaginn 15. janúar 2026. Um er að ræða framhaldsathugun sem unnin var í kjölfar fyrri athugunar á starfsemi vöggustofa í borginni fyrir árin 1949-1973. Tímabilið sem nú um ræðir, árin 1974-1979, er þannig í beinu framhaldi af því tímabili sem fjallað var um í skýrslu fyrri vöggustofunefndar sem kannaði árin 1949-1973.

Fyrri vöggustofunefnd (1949-1973) lagði m.a. til í skýrslu sinni (2023), með vísan til niðurstaðna sem lýst var í þeirri skýrslu, að stjórnvöld tækju það til skoðunar hvort og þá hvaða þörf væri á að tryggja geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu eða aðra sértæka þjónustu við þá sem dvöldu á vöggustofunum.

Útfærð tillaga um geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu var lögð fram í borgarráði 19. október 2023 og samþykkt samhljóða. Um 100 einstaklingar, sem staðfest var að hefðu dvalist á þeim vöggustofum sem féllu undir athugun fyrri vöggustofunefndar, sóttu um og fengu samþykki fyrir allt að 10 viðtölum hjá sálfræðingi og voru þau viðkomandi einstaklingum að kostnaðarlausu.

Seinni vöggustofunefnd (1974-1979) leggur það einnig til í skýrslu sinni að stjórnvöld leggi á það ígrundað mat hvort og þá hvaða þörf sé á að tryggja geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu eða aðra sértæka aðstoð fyrir þá sem dvöldu á vöggustofunum. Við það mat verði tekið mið af þeirri reynslu sem þegar liggur fyrir.

Í ljósi þess að talsverð eftirspurn var eftir geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu hjá þeim sem dvöldust á þeim vöggustofum sem voru til rannsóknar 1949-1973 og reynslan af því fyrirkomulagi var góð, er lagt til að sambærileg þjónusta verði í boði fyrir þá sem dvöldu á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1974-1979. Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verði falið verkefnið og verði útfærslan með sambærilegum hætti og var 2023.

Hjálagt:

- [Skýrsla vöggustofunefndar um starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1974-1979](#)
- [Samþykkt borgarráðs 19. október 2023 geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu fyrir fyrrum vöggustofubörn](#)